

Birtist í Morgunblaðinu 3. september 2009.

Hvað á að gera fyrir skuldsett heimili?

Jón Steinsson

Það er engum blöðum um það að fletta að fjárhagsstaða margra heimila er slæm. Vanskil aukast hratt og munu án efa halda áfram að aukast næstu mánuði. Þessi staða hefur gefið umræðu um almenna skuldaniðurfellingu byr undir báða vængi. Rökin sem sett hafa verið fram fyrir almennri skuldaniðurfellingu eru hins vegar afskaplega ósannfærandi.

Verstir eru þeir sem einbeita sér að því að skilja ekki þá grundvallarstaðreynd að ekki er unnt að eyða sömu krónunni oftast en einu sinni. Ef „afslátturinn“ sem nýju bankarnir fengu af lánasöfnum gömlu bankanna er eytt í að fella niður skuldir þeirra sem geta greitt skuldir sínar, er ekki hægt að eyða honum aftur í að mæta óumflýjanlegum afföllunum af lánasöfnum bankanna. (Auk þess sem Íbúðalánasjóður fékk engan afslátt og lífeyrissjóðirnir ekki heldur.)

Næstverstir eru þeir sem bregða fyrir sér eins konar voodoo hagfræði. Í sinni upprunalegri mynd er voodoo hagfræði sú tilgáta að skattalækkanir auki tekjur ríkissjóðs þar sem þær hafa svo svakalega jákvæð áhrif á skattstofna ríkisins. Það hefur aftur og aftur sýnt sig að þessi tilgáta á ekki við rök að styðjast við aðstæður sem líkjast því sem við þekkjum á Íslandi.

Voodoo hagfræðin sem einkennt hefur umræðuna um skuldaniðurfellingu er í raun enn róttækari en sú upprunalega. Hún gengur út á það að skuldaniðurfelling til fólks sem annars gæti á endanum staðið í skilum muni hafa svo jákvæð áhrif á hagkerfið að hún borgi fyrir sig sjálf og meira en það. Þetta er því miður óskhyggja sem við megum ekki láta hlaupa með okkur í gönur.

Skástu rökin fyrir almennri skuldaniðurfellingu eru byggð á eftirspurnarkenningu Keynes. Samkvæmt þeirri kenningu hjálpa aukin ríkisútgjöld í kreppu til við að koma hjólum atvinnulífsins aftur í gang. Almenn skuldaniðurfelling er hins vegar einstaklega illa útfærð innspýting þar sem einungis lítið brot af þeirri heildarupphæð sem er felld niður kemur fram sem lægri greiðslubyrði til skamms tíma og fá heimili eru í aðstöðu til þess að nýta sér lægri höfuðstól núverandi lána til þess að auka neyslu með því að taka frekari lán.

Prír hópar

Það er einfaldast að hugsa um tillögur um skuldaniðurfellu út frá þremur hópum. Fyrst eru það þeir sem eru í vonlausri stöðu þar sem þeir skulda svo mikið að litlar líkur eru á því að þeir muni nokkru sinni geta ráðið fram úr skuldum sínum að fullu. Ef engin úrræði eru til fyrir þennan hóp, mun hann horfa fram á að vera í eins konar skuldafangelsi til margra ára. Slíkt er vinnuletjandi og mannskemmandi og því engum til góðs. Það er klárlega hagur allra – bæði skuldara og lánveitenda – að til staðar séu úrræði sem gera þessum hópi kleift að endursemjast um skuldir sínar.

Annar hópurinn eru þeir sem eru stórskuldugir en hafa þó líklega burði til þess að greiða skuldir sínar að fullu á endanum. Í þessum hópi eru margt yngra fólk sem er vel menntað en spennti bogann hátt í uppsveiflunni. Þetta fólk hefur séð lánin sín hækka á meðan launin og

húsnæðisverðið hafa lækkað. Eiginfjárstaða margra í þessum hópi er fyrir vikið neikvæð og greiðslubyrði há.

Þriðji hópurinn eru þeir sem skulda ekki mikið. Í þessum hópi er margt fólk sem er komið yfir miðjan aldur, keypti sitt húsnæði áður en húsnæðisverðið fór úr böndunum og fór sér hægt í uppsveiflunni. Í þessum hópi eru einnig allur þorri fólks á landsbyggðinni sem sá aldrei uppsveifluna á sama hátt og fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Kjarni málsins

Kjarni þessa máls er: Á ríkið að taka fé frá þeim sem lítið skulda (hópi 3) í gegnum hærri skatta og færa það til þeirra sem skulda mikið en munu á endanum geta greitt skuldir sínar (hóps 2)? Allar þær leiðir sem hafa verið í umræðunni – 20% niðurfelling, flöt 4 milljóna niðurfelling á mann, afturvirkir afnám verðtryggingar, afturvirkir afnám gengistryggingar – eru mismunandi útfærslur á slíkri tekjutilfærslu.

Einhver verður að taka á sig lækkun á raunverði húsnæðis og þá lífskjaraskerðingu sem felst í lækkun kaupmáttar. Annað hvort eru það þeir sem tóku lánin að svo miklu leyti sem þeir geta eða hinir sem tóku minni lán ef stjórnvöld ákveða að færa byrðina yfir á þá með almennri skuldaniðurfellingu. Aðrir kostir eru ekki í boði. Það er því miður engin töfralausn til sem blæs þessum vanda út af borðinu og gerir það að verkum að allt verður eins og það áður var.

Þeir sem taka hvað harðasta afstöðu með almennri skuldaniðurfellingu þurfa að gera sér grein fyrir því að þeir eru í raun að berjast fyrir því að byrðin af hruninu verði með ákvörðun stjórnvalda færð til þeirra sem tóku minni lán. Skynsemi og sanngirni þess má draga í efa svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Skynsamleg stefna

Skynsamleg stefna á að byggjast á því að tveir valmöguleikar séu í boði – annar ætlaður þeim sem eru í vonlausri stöðu og hinn ætlaður þeim sem munu á endanum geta greitt skuldir sínar. Valmöguleikinn sem ætlaður er þeim sem eru í vonlausri stöðu á að fela í sér aðlögun skulda að greiðslugetu viðkomandi – þ.e. skuldaniðurfellingu þeirra skulda sem hvort sem er munu aldrei fást greiddar. Mikilvægt er að þetta ferli sé eins skilvirkt og unnt er og að aðlögunin sé byggð á hlutlægum reglum í eins miklum mæli og hægt er. En vitaskuld þurfa þeir sem nýta sér þennan möguleika að sætta sig við að fara á vanskilaskrá.

Valmöguleikinn sem ætlaður er þeim sem fengið hafa á sig stórt högg en munu á endanum geta greitt skuldir sínar á að byggast á lengingu lána þeirra þannig að greiðslubyrði þeirra sé viðráðanleg á meðan hið versta gengur yfir. Ein tillaga á þessum nótum sem ég og Gauti B. Eggertsson settum fram í vor er að þak verði sett á greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum rétt eins og gert er með námslán og að það sem út af stendur bætist við höfuðstól lánsins.

Stefna stjórnvalda

Stjórnvöld hafa nú þegar markað stefnu sem byggir á tveimur slíkum leiðum. Þau hafa lögfest greiðsluaðlögun (sem felur í sér niðurfellingu) og hafa einnig beitt sér fyrir því að bankarnir bjóði upp á greiðslujöfnun (sem er lenging lána). Þessi stefna er í grunninn hárrétt. Stjórnvöld vinna nú að því að lagfæra annmarka á þessum tveimur leiðum. Sérstaklega hafa komið upp vandamál við framkvæmd greiðsluaðlögunar. Mikilvægt er að bæði þessi úrræði verði eins einföld og skilvirk og unnt er.

Það væru mistök af stjórnvöldum að láta undan þrýstingi þeirra sem vilja víðtækari skuldaniðurfellingu. Með því væru þau að hygla þeim sem fóru sér að voða í uppsveiflunni á kostnað þeirra sem voru varkárari. Það eru haldlítill rök að tala um forsendubrest eða að óskynsamlegum lánnum hafi verið haldið að fólki sem vissi ekki betur. Slíkt réttlætir ekki að skattar séu hækkaðir á alsaklaust fólk sem var með allt sitt á þurru. Auk þess er mikilvægt að hafa það hugfast að flestar þær leiðir sem farið hafa hátt í umræðunni fela nettó í sér tilfærslu fjár frá venjulegu launafólki til stórskuldugs hátekjufólks.

Mikilvægi Ráðgjafastofu heimilanna

Það hefur sýnt sig að heimilisfjármál eru flókið mál. Spurningar eins og: Á ég að fara í greiðsluaðlögun? Eða er betra að fara í greiðslujöfnun? Hvað með skuldaaðlögun? Á ég að skipta erlenda láninu mínu í krónur? Eða er betra að reyna að bíða þar til raungengið hækkar aftur? brenna á vörum þúsunda Íslendinga um þessar mundir. Valmöguleikarnir eru fleiri en áður, upphæðirnar hærri en áður, svörin flóknari en áður og það traust sem fólk hefur til „sérfræðinganna“ sem eiga að vita svörin mun minna en áður.

Það er ekki skynsamlegt að allur þorri fólks þurfi að treysta á þjónustufulltrúann í bankanum þegar kemur að þessum atriðum. Án þess að ég ætli mér að varpa rýrð á þjónustufulltrúa bankanna þá er það nú bara þannig að þeir eru í vinnu hjá bankanum, ekki hjá viðskiptavininum. Viðskiptavinir bankanna þurfa að eiga kost á öflugri ráðgjöf hlutlaus aðila. Ráðgjafastofa heimilanna er sá aðili. Stjórnvöld eiga að auglýsa starfsemi hennar með öflugum hætti og passa vel upp á að hún veiti góða ráðgjöf.

Höldum áfram á réttri braut

Á undanförunum mánuðum hafa stjórnvöld náð mikilvægum markmiðum í endurreisn hagkerfisins. Þar ber hæst samningar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, samningar við aðila vinnumarkaðarins um stöðuleikasáttmála, samningar við kröfuhafa gömlu bankanna um eignarhald nýju bankanna og samningar við Breta og Hollendinga um Icesave skuldbindingar. Vitaskuld má deila um sum þessara atriða. Í þeirri umræðu er þó mikilvægt að viðhalda ákveðinni yfirsýn. Hrunið á Íslandi var margfallt stærra en t.d. í Írlandi, Lettlandi og Litháen. Þó er staða okkar nú ef eitthvað er betri en staða þessara landa. Þar hefur skynsamleg stefna stjórnvalda skipt sköpum.

Framundan eru gríðarlega stór mál svo sem málefni skuldsettra heimila, aðhald í ríkisrekstri, afnám gjaldeyrishafta og mörkun nýjar peningamálastefnu. Stjórnvöld mega ekki kasta árangri síðustu mánaða á glæ með óábyrgri skuldaniðurfellingu.